



Reglur Kópavogsbæjar um skólaakstur barna með sérþarfir í leik- og grunnskólum

Markmið

Markmið Kópavogsbæjar er að veita góða og örugga ferðapjónustu fyrir börn sem eiga rétt á akstri í leik- eða grunnskóla, dægradvöl og eða þjálfun.

1. Akstur barna til og frá grunnskóla

Börn sem falla undir 7. gr. reglugerðar nr. 656/2009 um skólaakstur, 14. gr. reglugerðar nr. 584/2010 um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og 1. mgr. 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra eiga rétt á akstri til og frá skóla og í tómsundaúrræði utan skólans.

Foreldrar barna sem stunda nám utan síns skólahverfis í sérdeildum eða sérskólum, geta sótt um akstur til og frá skóla.

2. Akstur barna í þjálfun frá leikskólum

Foreldrar barna sem falla undir 1. og 2. flokk samkvæmt starsfreglum um sérkennslu í leikskóla og þurfa á þjálfun að halda vegna fötlunar sinnar geta fengið fylgd stuðningsaðila annað hvert skipti til og frá þjálfunaraðila. Áhersla er lögð á samvinnu við foreldra, þ.e. foreldrar sjái um ferðir annað hvert skipti í þjálfun. Foreldrar sjá um að leggja til bílstól í ferðir fyrir sitt barn.

Umsóknarferli og úthlutun

Foreldrar í samráði við stjórn viðkomandi skóla sækja um skólaakstur á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Kópavogs. <https://ibuagatt.kopavogur.is/login.aspx>

Skólaþjónusta afgreiðir umsóknina og sendir staðfestingu til foreldra og viðkomandi akstursaðila sem skráir nemanda í aksturskerfið. Aksturaðili sér um útfærslu á akstri barnsins í samvinnu við foreldra.

Endurnýja þarf umsóknir árlega fyrir næsta skólaár að vori.

Samskipti við akstursaðila er á ábyrgð foreldra svo sem pöntun á ferðum og breytingar t.d vegna veikinda.

Ef óskað er eftir akstri utan skólatíma er bent á umsókn um ferðapjónusta fatlaðra hjá Velferðasviði.

Einnig þarf að sækja sérstaklega um til Velferðarsviðs fyrir akstur í og úr tómsundaúrræðum yfir sumartímann.